

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Grímsey



| | | | |
|---------------------|--------------------|-------------------------|----------------------------|
| Dags eftirlits | 8.6.2021 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| Fyrirtæki | Olíudreifing | Eftirlitsmaður | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| Heimili | Hólmaslóð 8 - 10 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 6606952069 | Flokkur | Olía |
| Fulltrúi fyrirtækis | Gestur Guðjónsson | ÍSAT nr. | 63.40 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Sigurður Bjarnason | Staðsetning | 543743,502 671969,816 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var sett fram er varðar vöktun vegna olíuóhapps.

UMFANG EFTIRLITS

Einungis var boðað til vettvangsskoðunar þar sem ekki var unnt að framkvæma hana árið 2020 sökum Covid-19 takmarkanna. Rafrænn eftirlitsfundur fór fram á Teams þann 11. desember sl.

Boðað umfang eftirlitsins var m.a. eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áætlanir og viðbrögð við mengunarslysum
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Geymar, lekavarnir og afgreiðsluplan

Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit og engin ábending var sett fram. Engar breytingar hafa orðið á starfsemi frá síðustu vettvangsheimsókn.

Einn láréttur, tvöfaldur geymir er í stöðinni og er áfyllingaplan steipt og með frárennsli tengt olíuskilju. Yfiryllingarvörn á geymi vísar að áfyllingaplani og komi til yfiryllingar geymis þá rennur það niður á áfyllingarplan og þaðan niður í olíuskilju. Geymirinn er frá árinu 2004 og var síðast botnþykktarmældur árið 2014. Ekkert bensín er geymt í stöðinni.

Olíu er dælt frá Grímseyjarferjunni, um 100m leið og upp í geyminn. Lögn frá bryggju var síðast þrýstiprófuð þann 13. janúar sl. og stóðst lögnin prófunina.

Leitað var eftir olíuleifum í frárennsli olíuskilju með Macherey-Nagel olíuprófi á meðan eftirlit fór fram og stóðst skiljan prófunina.

Gengið var um svæðið og áhrif óhapps sem varð þann 14. október sl. metin. Óhapp varð þegar starfsmaður stöðvarinnar ók af stað með áfyllislönguna tengda við flutningstæki þannig að slangan dróst út úr tenginu og um 100-200L af olíu runnu út í umhverfið. Greina mátti olíulykt á gámasvæði neðan geymisins og gróðurþekja er sölnuð á um 6-8 m² neðan við geyminn. Rekstraraðili mun fylgjast með svæðinu og meta hvort að áburðagjafar sé þörf til að flýta niðurbroti olíunnar. Áframhaldandi vöktun verður á svæðinu, eins lengi og til þarf.

ÁBENDINGAR

Ein ábending er sett fram í eftirlitinu er varðar að huga þarf vel að vöktun svæðisins neðan geymis þar sem olía lak niður. Bregðast skal strax við verði meiri lyktar vart á gámasvæðinu eða ef gróðurþekja fer verslandi við hlið olíugeymis.

ANNAÐ

Viðstaddur eftirlitið var einnig Guðjón Páll Jóhannesson frá ODR.

Reykjavík, 24.06.2021

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Guðbjörg Stella Árnadóttir